

Félags- og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög til að efla frístundastarfsemi fyrir börn í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Horft er til aldurshópsins 12 til 16 ára með sérstaka áherslu á að leitað verði einstaklingsbundinna leiða til að ná til þess hóps barna sem hvað síst sækja reglubundið frístundastarf. Líkur eru á að sá aldurshópur gæti verið í hvað minnstri virkni yfir sumartímann og í aukinni áhættu hvað varðar t.d. áhættuhegðun og kvíða.

Samþykkt hefur verið að styðja við þau sveitarfélög sem, vegna COVID-19, hyggjast auka við frístundastarfsemi fyrir börn í sérstaklega viðkvæmri stöðu 2021 umfram hefðbundið starf.

Á þessum grundvelli gefst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í frístundastarfi barna sumarið 2021. Alls hefur verið samþykkt að veita allt að 90 milljónum króna til þessa verkefnis á landsvísu.

Við útdeilingu fjármagns verður hlutfallslegur fjöldi barna á aldrinum 12 til 16 ára í hverju sveitarfélagi hafður til viðmiðunar. Gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag geti sótt um 4.090 kr. fyrir hvert barn á aldrinum 12 til 16 ára í sveitarfélaginu miðað við upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands 1. janúar 2020. Þó er gert ráð fyrir að lágmarksframlag verði ekki undir 100.000 krónum.

Þau sveitarfélög sem óska eftir fjárframlagi skulu sækja um í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is>. Umsóknarfrestur er til 14. apríl kl.16:00.

Gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag skili inn einni umsókn þótt um sé að ræða fleiri en eitt verkefni.

Í umsókninni þarf að koma fram (sjá nánar í umsóknareyðublaði)

- verkefnisáætlun,
- tímalína,
- markhópur
- samstarfsaðilar
- fjárhagsáætlun
- tengiliður sveitarfélags vegna umsóknarinnar

Uppfylli verkefnið markmiðið um aukinn stuðning við viðkvæman hóp barna sumarið 2021, fær sveitarfélag greiðslu í byrjun júní 2021.

Þau sveitarfélög sem fá fjárframlag til verkefnisins skulu skila stuttri skýrslu um árangur verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins, fyrir 1. febrúar 2022, á netfangið frn@frn.is undir heitinu *Skýrsla um aukna frístundastarfsemi fyrir börn í viðkvæmri stöðu, sumarið 2021 vegna COVID-19 frá ?nafn sveitarfélags?*.

Nánari upplýsingar veitir María Guðjónsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, maria.gudjonsdottir@frn.is



Björk Birkisdóttir, skjalastjóri / Records Manager

Félagsmálaráðuneyti / Ministry of Social Affairs

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)